

REGLUGERÐ

um skylduvátryggingar vegna loftferða.

1. gr.

Markmið.

Markmiðið með reglugerð þessari er að setja lágmarkskröfur um vátryggingar fyrir flugrekendur og umráðendur loftfara að því er varðar farþega, farangur, farm og þriðju aðila.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um alla flugrekendur og umráðendur loftfara sem fljúga innan, inn á, út úr eða yfir yfirráðasvæði Íslands.

Reglugerðin gildir ekki um:

- a) ríkisloftför, sem um getur í b-lið 3. gr. Chicago samningsins sem undirritaður var í Chicago 7. desember 1944,
 - b) flugmódel með skráðan hámarksflugtaksmassa 20 kg,
 - c) flugvélar sem eru settar á loft með fótafli (þ.m.t. vélknúna svifvængi og svifdreka),
 - d) fasta loftbelgi,
 - e) flugdreka,
 - f) fallhlífar (þ.m.t. vængfallhlífar),
 - g) loftför, þ.m.t. svifflugur með skráðan hámarksflugtaksmassa undir 500 kg og fis sem
 - eru ekki notuð í atvinnuskyni eða
 - eru notuð við staðbundna flugkennslu sem hefur ekki í för með sér flug yfir landamæri
- að því er varðar vátryggingaskyldu samkvæmt þessari reglugerð sem tengist áhættu af völdum stríðs og hryðjuverka.

3. gr.

Eigin áhætta vátryggingataka.

Heimilt er vátryggingataka og vátryggjanda að semja um eigin áhættu vátryggingataka, en slíkt má í engu skerða rétt þriðja manns til greiðslu bóta frá félaginu. Skal það koma fram í vátryggingarskírteini, skilmálum eða iðgjaldskvittun, sé samið um eigin áhættu.

4. gr.

Slysatrygging í kennslu- og einkaflugi.

Eigendum og/eða umráðendum kennslu- og einkaflugvéla skal skylt að taka og halda í gildi slysatryggingu fyrir þá, sem ferðast með slíkum loftförum, þ.m.t. stjórnendur þeirra, vegna slysa sem rakin verða til notkunar loftfarsins. Auk þeirra slysa, sem verða í loftfari, skal trygging þessi taka til farar í loftfari og úr því. Bætur samkvæmt slysatryggingu þessari greiðast þegar bótarétti er ekki til að dreifa úr ábyrgðartryggingu skv. 6. gr. og 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 785/2004 frá 21. apríl 2004, sé vélin ýmist rekin í ábata-skyni eða til einkaflugs.

Örorku skal meta í hundradshlutum skv. miskastigatöflu örorkunefndar, sem starfar skv. skaðabótalögum. Miða skal við töflur örorkunefndar sem í gildi eru þegar mat fer fram. Meta skal skerðing á líkamlegri færni án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu

hins slasaða. Sé áverka ekki getið í töflum örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega og þá með hliðsjón af töflunum. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.

Vátryggingarfjárhæð vegna dauða og 100% varanlegrar örorku skal að lágmarki miðast við jafnvirði 100.000 SDR í íslenskum krónum fyrir hvern mann. Við minni örorku greiðast bætur hlutfallslega.

Heimilt skal að lækka bætur eða fella þær niður vegna ásetnings eða stórkostlegs gáleysis hins slasaða.

5. gr.

Ábyrgðartrygging vegna farþega í loftförum sem ekki eru rekin í ábataskyni.

Með vísan til 1. mgr. 6. gr. Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 785/2004 frá 21. apríl 2004, að því er varðar bótaábyrgð vegna líf- og líkamstjóns farþega skal lágmarksvátryggingarvernd nema 250.000 SDR fyrir hvern farþega í loftfari sem ekki er rekið í ábataskyni með skráðan hámarksflugtaksmassa 2700 kg eða minni.

6. gr.

Vátrygging fellur úr gildi.

Falli vátrygging skv. reglugerð þessari úr gildi, ber félagið allt að einu ábyrgð í tvo mánuði frá því er það tilkynnti Flugmálastjórn Íslands að vátryggingin væri úr gildi fallin, enda hafi loftfarið eigi á þeim tíma verið strikað af loftfaraskrá, flugleyfi skv. c-lið, 3. gr. laga nr. 60/1998 verið afturkallað, eða önnur vátrygging verið tekin sem uppfyllir skilyrði reglugerðar þessarar.

7. gr.

Vátryggjendur.

Vátryggingar íslenskra loftfara, skv. reglugerð þessari, skulu teknar hjá vátryggingafélögum sem Fjármálaeftirlitið staðfestir að hafi leyfi til þeirrar tryggingastarfsemi sem hér er kveðið á um, sbr. lög nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi með síðari breytingum.

Vátryggingaskilmálar, sem reglugerð þessi tekur til, skulu látnir Fjármálaeftirlitinu og Flugmálastjórn í té áður en þeir eru boðnir vátryggingatökum.

8. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum eða fangelsi allt að 5 árum.

9. gr.

Innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 785/2004 frá 21. apríl 2004 um kröfur um vátryggingar fyrir flugrekendur og umráðendur loftfara með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka EES samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2004 frá 29. október 2004.

Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

10. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 131. gr., sbr. 145. gr., loftferðalaga nr. 60/1998 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þann 1. mars 2006.

Nr. 78

17. janúar 2006

Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð nr. 551/1998 um skylduvátryggingar vegna loftferða, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 17. janúar 2006.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 785/2004**

frá 21. apríl 2004

um kröfur um vátýggingar fyrir flugrekendur og umráðendur loftfara

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálaneftar Evrópubandalaganna⁽²⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Innan ramma sameiginlegrar stefnu í flutningamálum og til að hlúa að neytendavernd er mikilvægt að tryggja fullnægjandi lágmarksvátýggingavernd sem tekur til bótaábyrgðar flugrekenda vegna farþega, farangurs, farms og þriðju aðila.
- 2) Á loftflutningamarkaði Bandalagsins er ekki lengur greint á milli innanlandsflugs og millilandaflugs og því er við hæfi að settar séu lágmarkskröfur um vátýggingar fyrir flugrekendur í Bandalaginu.
- 3) Þörf er á sameiginlegum aðgerðum til að tryggja að þessar kröfur gildi einnig um flugrekendur frá þriðju löndum svo að tryggja megi jafna samkeppnisstöðu flugrekenda innan Bandalagsins.
- 4) Til að tryggja samhæfða nálgun lýsti framkvæmdastjórnin yfir, í orðsendingu sinni frá 10. október 2001 um afleiðingar árása hryðjuverkamanna í Bandaríkjunum fyrir loftflutninga-geirann, þeim fyrirætlunum sínum að rannsaka vátýggingarfjárhæðir og -skilmála sem krafist er við veitingu flugrekstrarleyfa af hálfu aðildarríkjanna.

Enn fremur lýsti framkvæmdastjórnin því yfir í orðsendingu sinni frá 2. júlí 2002 um vátýggingar á sviði loftflutninga í kjölfar árása hryðjuverkamanna í Bandaríkjunum 11. september 2001, að hún myndi áfram fylgjast með þróun vátýggingamarkaðarins á sviði loftflutninga að því er varðar endurskoðun á vátýggingarfjárhæðum og -skilmálum sem krafist er við veitingu flugrekstrarleyfa af hálfu aðildarríkjanna.

- 5) Bandalagið samþykkti með ákvörðun ráðsins 2001/539/EB⁽⁴⁾ í Montreal 28. maí 1999 samning um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa (Montrealsamninginn) en í honum eru settar nýjar reglur um bótaábyrgð að því er varðar loftflutninga milli landa með fólk, farangur og farm. Ætlunin er að þessar reglur komi í stað reglna í Varsjársmningnum frá 1929 og síðari breytinga á honum.
- 6) Í 50. gr. Montrealsamningsins er gerð sú krafa að aðilar sjái til þess að flugrekendur hafi nægilegar vátýggingar er taka til bótaábyrgðar samkvæmt þeim samningi. Varsjársmningurinn frá 1929 ásamt síðari breytingum hans mun gilda áfram samhliða Montrealsamningnum um óákveðinn tíma. Báðir samningarnir kveða á um möguleika á ótakmarkaðri bótaábyrgð.
- 7) Samkvæmt 7. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum⁽⁵⁾, er þess krafist að flugrekendur hafi vátýggingar sem taka til bótaábyrgðar vegna slysa, einkum á farþegum, að því er varðar farangur, farm og póst, og á þriðju aðilum, án þess þó að tilgreindar séu lágmarksvátýggingarfjárhæðir og -skilmálar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 20 E, 28.1.2003, bls. 193.⁽²⁾ Stjtið. ESB C 95, 23.4.2003, bls. 16.⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 13. maí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 5. desember 2003 (Stjtið. ESB C 54 E, 2.3.2004, bls. 40), afstaða Evrópuþingsins frá 11. mars 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 30. mars 2004.⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 194, 18.7.2001, bls. 38.⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 240, 24.8.1992, bls. 1.

- 8) Rétt er að taka tillit til þess að 13. desember 2000 samþykkti Evrópusamband flugmálastjórna ályktun ECSC/25-1 um lágmarksvátryggingarvernd sem tekur til bótaábyrgðar vegna farþega og þriðju aðila, sem var breytt 27. nóvember 2002.
- 9) Nauðsynlegt er að skilgreina lágmarkskröfur um vátryggingar vegna farþega, farangurs, farms og þriðju aðila fyrir flugrekendur og umráðendur loftfara sem fljúga innan, inn á, út úr eða yfir yfirráðasvæði aðildarríkis, þ.m.t. landhelgi þess.
- 10) Vátryggingarskylda skal hvíla á flugrekendum með gilt flugrekstrarleyfi og, ef um er að ræða flugrekendur í Bandalaginu, með gilt flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2407/92. Þó að slíkt leyfi sé ekki fyrir hendi eða ef það er útrunnið afléttir það ekki þessari skyldu af fyrirtækinu.
- 11) Í Montrealsamningnum er sérstaklega kveðið á um bótaábyrgð vegna farþega, farangurs og farms en bótaábyrgð vegna pósts fellur, í samræmi við 2. gr. samningsins, undir „gildandi reglur um tengsl flytjenda og póststjórna“ Í Bandalaginu er kveðið nógú skýrt á um vátryggingu vegna slíkrar bótaábyrgðar í 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92.
- 12) Lögboðinnar vátryggingar skal ekki krafist fyrir ríkisloftfar og tilteknaðar aðrar tegundir loftfara.
- 13) Kveða skal á um lágmarksvátryggingarvernd þar sem flugrekandi eða umráðandi loftfars er skaðabótaskyldur vegna farþega, farangurs, farms og þriðju aðila í samræmi við reglur alþjóðasamninga, lög Bandalagsins eða landslög, án þess að það skerði þessar reglur.
- 14) Vátryggingin skal taka til bótaábyrgðar sem tengist flugi sérstaklega vegna farþega, farangurs, farms og þriðju aðila. Að því er varðar farþega, farangur og farm skal vátryggingin ná til dauðsfalls eða líkamstjóns af völdum slysa og til taps, eyðileggingar eða tjóns á farangri og farmi. Að því er varðar þriðju aðila skal vátryggingin ná til dauðsfalls, líkamstjóns og eignatjóns af völdum slysa.
- 15) Þessi reglugerð skal ekki túlkuð þannig að gerð sé krafa um tvítryggingu. Í þeim tilvikum þegar flugrekandi sem er leigusali og flugrekandi sem er leigusali, í skilningi 39. gr. Montrealsamningsins, eru skaðabótaskyldir fyrir sama tjóni er aðildarríkjnum heimilt að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir tvítryggingu.
- 16) Þó að sú markaðsvenja að bjóða vátryggingar sem miðast við heildarfjárhæð tryggingarsamningsins kunnir að stuðla að tryggingarhæfni, einkum að því er varðar áhættu vegna stríðs og hryðjuverka, með því að gera vátryggingendum kleift að hafa betri yfirsýn yfir bótaábyrgð sína, leysir þessi venja flugrekanda eða umráðanda loftfars ekki undan þeirri skyldu að uppfylla lágmarkskröfur um vátryggingar þegar heildarfjárhæð samkvæmt vátryggingarsamningnum hefur verið náð.
- 17) Nauðsynlegt er að krefjast þess að flugrekendur leggi fram sönnun um að þeir uppfylli ætíð lágmarkskröfur um vátryggingar vegna bótaábyrgðar eins og kveðið er á um í þessari reglugerð. Að því er varðar flugrekendur í Bandalaginu og umráðendur loftfara sem nota loftfar sem er skráð í Bandalaginu skal nægja fyrir öll aðildarríkin að lögð sé fram sönnun um vátryggingar í einu aðildarríki ef fyrirtækið sem selur vátrygginguna hefur heimild til þess samkvæmt gildandi lögum.
- 18) Ef flugrekandi utan Bandalagsins eða loftfar sem er ekki skráð í Bandalaginu flýgur yfir yfirráðasvæði aðildarríkis, án lendingar eða flugtaks í einhverju aðildarríkjanna, er sérhverju aðildarríki, sem flogið er yfir, heimilt, í samræmi við alþjóðalög, að krefjast sönnunar á því að vátryggingarkröfur séu uppfylltar samkvæmt þessari reglugerð, t.d. með því að gera úrtakskönnun.
- 19) Lágmarkskröfur um vátryggingar skulu endurskoðaðar að tilteknum tíma liðnum.
- 20) Málsmeðferð við eftirlit með beitingu lágmarkskrafna um vátryggingar skal vera gagnsæ og án mismununar og skal ekki hindra frjálsa vöruflutninga, frjálsa för fólks, frjálsa þjónustustarfsemi og frjálsa frjámagnsflutninga.
- 21) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽¹⁾.
- 22) Ef þörf er á frekari ákvæðum til að koma á fullnægjandi vátryggingavernd vegna bótaábyrgðar sem tengist flugi sérstaklega, að því er varðar þætti sem ekki falla undir þessa reglugerð, skulu aðildarríkin hafa möguleika á að setja slík ákvæði.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- 23) Tilhögun aukins samstarfs um notkun flugvallarins á Gíbraltar var samþykkt í Lundúnum 2. desember 1987 af Konungsríkinu Spáni og Breska konungsríkinu í sameiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherra beggja landanna. Þessi tilhögun er ekki enn komin til framkvæmda.
- 24) Þar sem aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að innleiða lágmarkskröfur um váttryggingar sem geta stuðlað að því að hægt sé að ná markmiðum innri loftflutningamarkaðarins með því að draga úr röskun á samkeppni, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná megi því markmiði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

1. Markmiðið með þessari reglugerð er að setja lágmarkskröfur um váttryggingar fyrir flugrekendur og umráðendur loftfara að því er varðar farþega, farangur, farm og þriðju aðila.

2. Kröfur um váttryggingar í póstflutningum eru settar fram í reglugerð (EBE) nr. 2407/92 og í löggjöf viðkomandi aðildarríkja.

2. gr.

Gildissvið

1. Reglugerð þessi gildir um alla flugrekendur og umráðendur loftfara sem fljúga innan, inn á, út úr eða yfir yfirráðasvæði aðildarríkis sem sáttmálinn gildir um.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

- rikisloftför, sem um getur í b-lið 3. gr. samþykktarinnar um alþjóðaflugmál sem undirrituð var í Chicago 7. desember 1944.
- flugmódel með skráðan hámarksflugtaks massa 20 kg,
- flugvélar sem eru settar á loft með fótavli (þ.m.t. vélknúnir svífvængir og svífdrekar),
- fasta loftbelgi,

e) flugdrekka,

f) fallhlífar (þ.m.t. vængfallhlífar),

g) loftför, þ.m.t. svífflugur með skráðan hámarksflugtaks massa undir 500 kg, og fis sem

— eru ekki notuð í atvinnuskyni eða

— eru notuð við staðbundna flugkennslu sem hefur ekki í för með sér flug yfir landamæri,

að því er varðar váttryggingarskyldu samkvæmt þessari reglugerð sem tengist áhættu af völdum stríðs og hryðjuverka.

3. Beiting þessarar reglugerðar gagnvart flugvælinum á Gíbraltar telst hvorki hafa áhrif á lagalega stöðu Konungsríkisins Spánar né Breska konungsríkisins að því er varðar ágreining um yfirráðarétt yfir landsvæðinu þar sem flugvöllurinn er.

4. Beitingu þessarar reglugerðar gagnvart flugvælinum á Gíbraltar er frestað þar til tilhögunin, sem kemur fram í sameiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherra Konungsríkisins Spánar og Breska konungsríkisins frá 2. desember 1987, er komin til framkvæmda. Ríkisstjórnir Spánar og Breska konungsríkisins munu tilkynna ráðinu um dagsetningu þeirrar framkvæmdar.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „flugrekandi (air carrier)“: fyrirtæki sem stundar flutninga í lofti og hefur gilt flugrekstrarleyfi,
- „flugrekandi í Bandalaginu“: flugrekandi sem hefur gilt flugrekstrarleyfi sem aðildarríki gefur út í samræmi við ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 2407/92,
- „umráðandi loftfars (aircraft operator)“: einstaklingur eða aðili, sem er ekki flugrekandi en hefur að staðaldri virk umráð yfir notkun eða rekstri loftfars. Einstaklingur eða lögaðili sem er skráður fyrir loftfarinu telst vera umráðandi loftfars nema sá aðili geti sannað að annar aðili sé umráðandinn,
- „flug“:
 - að því er varðar farþega og óskráðan farangur, sá tími sem tekur að flytja farþega með loftfari, þ.m.t. þegar þeir ganga um borð og frá borði,

- að því er varðar farm og skráðan farangur, sá tími sem tekur að flytja farangur og farm frá því flugrekandi fær hann í hendur og þar til hann hefur verið afhentur réttum viðtakanda,
 - að því er varðar þriðju aðila, notkun loftfars frá því að hreyfillinn hefur verið ræstur til aksturs eða til raunverulegs flugtaks þar til loftfarið hefur lent og hreyflarnir hafa að fullu stöðvast. Auk þess skal flug merkja flutning loftfars með því að nota ökutæki sem dregur það eða ýtir því áfram eða með því að nota aflgjafa sem venjulega er notaður til að knýja og lyfta loftfarinu, einkum loftstraum,
- e) „SDR“: sérstök dráttarréttindi sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn skilgreinir,
- f) „MTOM“: skráður hámarksflugtaksmassi sem samsvarar staðfestum massa sem er sérkennandi fyrir hverja tegund loftfars og tilgreindur er í lofthæfivottorði loftfarsins,
- g) „farþegi“: einstaklingur sem er um borð í loftfari með samþykki flugrekanda eða umráðanda loftfars, að undanskilinni flugáhöfn og þjónustuáhöfn sem eru á vakt.
- h) „þriðji aðili“: lögaðili eða einstaklingur, að undanskildum farþegum, flugáhöfn og þjónustuáhöfn sem eru á vakt.
- i) „rekstur í ábataskyni“: rekstur gegn greiðslu og/eða leigugjaldi.

4. gr.

Meginreglur váttryggingarinnar

1. Flugrekendur og umráðendur loftfara, sem um getur í 2. gr., skulu tryggðir í samræmi við þessa reglugerð að því er varðar bótaábyrgð, sem tengist flugi sérstaklega, vegna farþega, farangurs, farms og þriðju aðila. Áhætta, sem tryggt er gegn, tekur til stríðs, hryðjuverka, flugráns, skemmdarverka, ólögþráttar tóku loftfars og samfélagsólgu.
2. Flugrekendur og umráðendur loftfara skulu sjá til þess að allt flug sé váttryggt án tillits til þess hvort þeir hafa afnot af loftfarinu sem eigendur eða samkvæmt einhvers konar leigusamningi, hvort um er að ræða sameiginlegar aðgerðir eða sérleyfisaðgerðir, sameiginleg flugnúmer eða hvers kyns annan samning af svipuðum toga.

3. Þessi reglugerð er með fyrirvara um reglur um bótaábyrgð í

— alþjóðasamningum sem aðildarríkin og/eða Bandalagið eru aðilar að,

— lögum Bandalagsins og

— innlendum lögum aðildarríkjanna.

5. gr.

Uppfylling krafna

1. Flugrekendur og, þegar þess er krafist, umráðendur loftfara, eins og um getur í 2. gr., skulu sýna fram á að þeir uppfylli váttryggingarkröfurnar, sem eru settar fram í þessari reglugerð, með því að leggja váttryggingarskirteinið eða aðra sönnun um gilda váttryggingu fram hjá lögbærum yfirvöldum viðkomandi aðildarríkis.

2. Að því er varðar þessa grein merkir „viðkomandi aðildarríki“ aðildarríkið sem veitti flugrekandanum í Bandalaginu flugrekstrarleyfi eða aðildarríkið þar sem loftfar umráðanda loftfars er skráð. Að því er varðar flugrekendur utan Bandalagsins og umráðendur loftfara, sem nota loftfar sem er skráð utan Bandalagsins, merkir „viðkomandi aðildarríki“ aðildarríkið sem flogið er til eða frá.

3. Með undantekningu frá 1. mgr. er aðildarríkjum, sem flogið er yfir, heimilt að krefjast þess að flugrekendur og umráðendur loftfara, sem um getur í 2. gr., leggi fram sönnun um gilda váttryggingu í samræmi við þessa reglugerð.

4. Að því er varðar flugrekendur í Bandalaginu og umráðendur loftfara, sem nota loftför sem eru skráð í Bandalaginu, er fullnægjandi fyrir öll aðildarríkin að lögð sé fram sönnun um váttryggingu í aðildarríkinu, sem um getur í 2. mgr., sbr. þó beitingu 6. mgr. 8. gr.

5. Í þeim undantekningartilvikum þegar váttryggingamarkaður bregst er framkvæmdastjórninni heimilt að ákvarða viðeigandi ráðstafanir til að beita 1. mgr. í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr.

6. gr.

Vátrygging sem nær til bótaábyrgðar vegna farþega, farangurs og farms

1. Að því er varðar bótaábyrgð vegna farþega skal lágmarksvátryggingarvernd nema 250 000 SDR fyrir hvern farþega. Ef um er að ræða rekstur loftfars, sem er ekki í ábataskyni, með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 2 700 kg eða minni er aðildarríkjum þó heimilt að ákveða lægri lágmarksvátryggingarvernd, að því tilskildu að hún sé a.m.k. 100 000 SDR fyrir hvern farþega.

2. Að því er varðar bótaábyrgð vegna farangurs skal lágmarksvátryggingarvernd fyrir rekstur í ábataskyni nema 1 000 SDR fyrir hvern farþega.

3. Að því er varðar bótaábyrgð vegna farms skal lágmarksvátryggingarvernd fyrir rekstur í ábataskyni nema 17 SDR fyrir hvert kíló.

4. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. skulu ekki gilda þegar flugrekendur utan Bandalagsins og umráðendur loftfara, sem nota loftför sem eru skráð utan Bandalagsins, fljúga yfir yfirráðasvæði aðildarríkjanna án þess að um sé að ræða lendingu eða flugtak á yfirráðasvæðinu.

5. Heimilt er að breyta fjárhæðunum sem um getur í þessari grein, eins og við á, ef breytingar á viðeigandi alþjóðasamningum kalla á það í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr.

7. gr.

Vátrygging sem nær til bótaábyrgðar vegna þriðju aðila

1. Að því er varðar bótaábyrgð vegna þriðju aðila skal lágmarksvátryggingarvernd fyrir hvert slys í tengslum við hvert loftfar vera:

Flokkur	Skráður hámarksflugtaksmassi (kg)	Lágmarksvátrygging (milljónir SDR)
1	< 500	0,75
2	< 1 000	1,5
3	< 2 700	3
4	< 6 000	7
5	< 12 000	18
6	< 25 000	80
7	< 50 000	150
8	< 200 000	300
9	< 500 000	500
10	≥ 500 000	700

Ef vátryggingarvernd gegn tjóni, sem þriðju aðilar verða fyrir af völdum stríðs eða hryðjuverka, stendur flugrekanda eða umráðanda loftfars ekki til boða, að því er varðar hvert slys, getur slíkur flugrekandi eða umráðandi loftfars uppfyllt skyldu sína að tryggja gegn slíkri áhættu, með vátryggingarsamningi sem miðast við heildarfjárhæðina. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast náið með beitingu þessa ákvæðis til að tryggja að heildarfjárhæð vátryggingarsamningsins sé a.m.k. jafnhá viðkomandi fjárhæð í töflunni.

2. Heimilt er að breyta fjárhæðunum sem um getur í þessari grein, eins og við á, ef breytingar á viðeigandi alþjóðasamningum kalla á það í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr.

8. gr.

Framfylgd og viðurlög

1. Aðildarríkin skulu tryggja að flugrekendur og umráðendur loftfara, sem um getur í 2. gr., uppfylli ákvæði þessarar reglugerðar.

2. Að því er varðar 1. mgr. og með fyrirvara um 7. mgr. er aðildarríki, sem flugrekandi utan Bandalagsins eða loftfar, sem er skráð utan Bandalagsins, flýgur yfir án þess að um sé að ræða lendingu eða flugtak í einhverju aðildarríki, sem og þegar um er að ræða viðkomu loftfars án viðskipta í aðildarríkjum, heimilt að óska eftir sönnun um að vátryggingarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, séu uppfylltar.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að óska eftir viðbótarsönnun frá flugrekanda, umráðanda loftfars eða viðkomandi vátryggingafélagi ef nauðsyn krefur.

4. Viðurlög við brotum á þessari reglugerð skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

5. Að því er varðar flugrekendur í Bandalaginu geta þessi viðurlög falið í sér afturköllun flugrekstrarleyfis, með fyrirvara um og í samræmi við viðeigandi ákvæði laga Bandalagsins.

6. Að því er varðar flugrekendur utan Bandalagsins og umráðendur loftfara, sem nota loftfar sem er skráð utan Bandalagsins, geta viðurlögin falið í sér synjun á heimild til lendingar á yfirráðasvæði aðildarríkis.

7. Ef aðildarríki eru þess ekki fullviss að skilyrði þessarar reglugerðar hafi verið uppfyllt skulu þau synja lofffari um heimild til flugtaks nema flugrekandi eða umráðandi loftfars hafi fært sönnur á fullnægjandi váttryggingarvernd í samræmi við þessa reglugerð.

9. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem komið var á fót skv. 11. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang Bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan Bandalagsins⁽¹⁾.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

4. Framkvæmdastjórnin getur enn fremur haft samráð við nefndina um sérhvert málefni sem varðar beitingu þessarar reglugerðar.

10. gr.

Skýrsla og samvinna

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 30. apríl 2008, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar reglugerðar.

2. Aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni upplýsingar um beitingu þessarar reglugerðar sé þess óskað.

11. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi tólf mánuðum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 21. apríl 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. ROCHE

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 240, 24.8.1992, bls. 8. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).